

## **Kýpur: Háttsettir embættismenn fá ekki lengur að kaupa bíla án tolla**

### **Eftir**

Háttsettir embættismenn og stjórnámálamenn á Kýpur missa nú þau hlunnindi, sem þeir hafa haft að geta keypt bíla án þess að greiða af þeim tolla. Þetta kemur fram í Cyprus-Mail. Áður hefur verið sagt frá því hér á Evrópuvaktinni, að þessir aðilar fyrir utan forseta og forseta þingsins verða framvegis að ferðast á almennu farrými á milli landa nema á langleiðum. Þá verða laun opinberra starfsmanna fryst til ársins 2016.